

ÖRNEFNASTOFNUN

Norður-Ísafjarðarsýsla
Eyðarhreppur

Tunga
Samlesið J.H.

Tunga

Bjarni Halldórsson, Tungu, skráði.

Landamerki, örmefni og slægjulönd.

Býlið Tunga stendur á tungunni milli Tunguáar (1) að norðan, sem á upptök sín úr Botnsheiðarvatni (2) og rennur niður Tungudal (3), og Úlfsáar (4) að sunnan, sem byrjar úr Breiðadalsheiðarvatni (5) og rennur niður Dagverðardal (6). Þá á Tunga land allt norðan Tunguár, er hér er talið, frá túnbletti þeim, er Arnór Jónsson hefur og á hesthús á, og er girðing blettsins á merkjunum milli Tungu og Seljalands. Þaðan liggur merkjalínan beint upp Múlann (7) í stóran stein, sem er um 100 m innan við hagagirðinguna á Seljalandi, og í annan stein minni á Múlabrún. Þá voru merkin þau, að ríðandi maður átti að sjá í krókana á Tunguánni, þar sem hún lá næst Tungutúni. Er það að kalla með mestu hólunum á gamla túninu, sem hún átti þá farveg, en var síðar rétt af til að þurrka Eyrarnar. Þetta gilti fram að Buná (8), þá var hún merkin upp fyrir Sandfell (9), þar sem hún kvíslast, en þá bein stefna í Pjófaskarð (10), en það er innan til við Pjófatinda (11).

Á fjallinu milli byggða er vatnshalli ráðandi merki. Þá er það Kistufell (12), Gyltuskarð (13), Búrfell (14), Botnsheiðarskarð (15), Pverfjall (16) og Breiðadalsheiði (17), en úr Heiðarhorni (18) beina stefnu í Úlfsá, þar sem hún rennur í botni dalsins. Eftir það ræður Úlfsá merkjum milli Tungu og Hafrafells.

Pegar afi minn, Jón Ólafsson, og amma, Sigríður Halldórsdóttir, fóru að búa í innri bænum á Tungu 1890, sem þá fylgdu 10 hundruð jarðarinnar, var búandi í ytri bænum Jón Jónsson. Hann hafði 12 hundruð jarðarinnar. Þessir bæir stóðu saman á hólnum, þar sem nú er Neðri-Tunga. Svo var timburhús langt fram á túni, í því bjó Helgi

Sölvason, hann hafði 2 hundruð jarðarinnar. Þar skammt frá var bær, í honum bjó Finnur Níelsson, sem seinna reisti býlið Fagrahvamm.

Í Tungutúni eru þessi örnefni:

Pinghóll (19), sem var lítill, hauglaga, grasi gróinn malarhóll, en er nú jafnaður við jörð. Hann stóð 3 - 4 m upp fyrir hólhornið vestan við votheyshlöðuna.

Flöt (20), sléttur blettur, um 1/2 dagsláttu að stærð, heimst á túninu; gefur það til kynna, hvað óslétt túnið var. **Húshóll**¹ (21), framan til við Flötina, neðst á túninu gamla, og innan við hann **Hvammur** (22), stór dæld, sem liggur þvert niður túnið. Vestan hennar neðsti hóllinn, var kallaður **Kálgarðshóll** (23). Á honum stóð áður fyrr hús Helga Sölvasonar, og á litlum, háum hól ofar á túninu, kallaður **Tjarnarhóll** (24), stóð bær Finns Níelssonar. Vestan við hann var tjörn, hét **Álagatjörn** (25). Fram af henni, fremst við túnið, er lægð með smámyrtarbletti, hann heitir **Kjóamýri** (26). Á miðju túninu voru tveir langir hólhryggir, aðeins mjó lautarskora á milli þeirra, þeir hétu **Langhólar, efri** (27) og **neðri** (28).

Heimarlega á túninu voru fjárhús. Þau voru kölluð **Neðrihús** (29). Efst á því voru tvö fjárhús, kölluð **Efrihús** (30). Húsið, sem stóð framar, var nefnt **Fremrahús** (31) og hryggurinn, sem það stóð á, **Fremrahúshryggur** (32). Hitt hét **Ytrahús** (33) og hryggurinn **Ytrahúshryggur** (34). Hesthús var yzt og efst í horninu á túninu; var túnið í hallanum fyrir neðan það kallað **Hesthústún** (35). Neðan við það var tjörn, hún hét **Hesthústjörn** (36). Fjósið var í sama stað og nú.

Á ytribæjartúninu, nú efribæjar-, voru fá örnefni, enda var þar lítið um hóla og tóftir, en svo þýft var það, að ekki gat heitið, að á því væri sléttur blettur. Verstu þúfurnar voru austan til við mitt túnið, blettur um 2 dagsláttur að stærð. Hann var nefndur **Dægradvöl** (37).

Rétt ofan til við Neðri-Tungu, innst á túninu, er tjörn, kölluð **Tjörnin** (38). Hana kunnu börnin að meta við leiki sína. Neðan til við mitt túnið var fjárhús, kallað **Pórðarhús** (39), annars voru skepuhúsin efst á túninu, uppi í hallanum. Neðan til við

¹ Ofan við nafnið Húshóll í hdr. stendur "bæna".

túnið niður að ánni var slétt myrarstykki, kölluð **Veita** (40). Inn af henni, niður af Neðri-Tungu, er smáeyri við ána, hún heitir **Beineyri** (41).

Pá byrja ég við **Ósinn** (42), en svo er nefnt lónið fyrir ofan brúna á Tunguá, og fer sólfgang um Tunguland.

Lögrétta (43) heitir grasbletturinn innan til við brúna. Þar var fyrrum þingstaður Ísfirðinga, og sást þar fyrir dómhring hlöðnum úr torfi og grjóti, unz því var breytt í tún. Í norðurhorni Lögréttu, Ósmegin, er grafið skarð í brúnina; það var síðasta bátanaust Tungubænda; um 20 m innar var dómhringurinn.

Milli áんな var **Tungufjara** (44) og upp frá henni **Skeiðið** (45). Það var nokkuð sléttur melur, 8 - 10 m ofan við sjávarmál. Inn fyrir mitt Skeiði var grashjalli, 15 - 20 m breiður, í svipaðri hæð og Lögrétta, kallaður **Lágibakki** (46), en fyrir innan, þar sem sjávarbakkinn var í fullri hæð, **Háibakki** (47). Á vesturhorni á Skeiðinu var næri 4 m há strýtulagaður haugur, sem margir héldu vera af mannavöldum, en svo var ekki. Pessi strýta var kölluð **Skeiðisþúfa** (48). Á suðurhorninu stendur býlið **Fagrí-hvammur** (49), sem dregur nafnið af hvammi við Úlfsá, er svo hét áður.

Bólholt (50) hét holtið ofan við Efri-Tungu, og lautin milli þess og Skeiðisins hét **Holtasund** (51). Innan við Bólholt kemur **Bólið** (52), þar voru mjólkadur kindur og kýr að sumrinu frá Tungubæjum, og sjást þar enn tvö kvíabrot. Þá tekur við **Bólhryggur** (53) og nær að **Háaholti** (54), sem er heiman við **Grettistök** (55), en svo heita fjórir samanstilltir steinar, eða réttara sagt björg, sem eru Tungudalsmegin við Vegargerðarhús. Við þau eru stekkjartóttir. Holtin þar hjá heita **Grettistakaholt** (56), og næsta holt heitir **Grjótholt** (57), og innar, Tungudalsmegin, er **Stóraholt** (58), og **Hnífaholt** (59) heitir grjótholtið fram við **Hnífafjallid** (60), en svo nefnist allt fjallið milli Dagverðardals og Tungudals. Dagverðardalsmegin er túnblettur ofan við nýja veginn; það hét áður **Sjónarholt** (61). Holtin fjögur síðastöldu og á milli þeirra heita **Ásar** (62), en dældin í Hnífafjallid **Ásakverk** (63). Niður af Ásum Tungudalsmegin heitir **Kinn** (64). Þar eru tveir nafngreindir steinar, **Holisteinn**

(65), heiman og neðan til við Hnífaholt, og Stóristeinn (66), niður undir túni í henni miðri.

Allt undirlendið meðfram Úlfsá fram að brekku var kallað Árdalur (67). Þar nokkru framar, sem grjótnáman byrjar, voru nefndar Klappir (68). Brekkan niður af Vegagerðinni heitir Nónmýrabrekka (69). Upp af henni, í austurhorni girðingar Vegagerðarinnar, var lítil, skjólsæl laut milli tveggja holta með lækjarsytru í miðju. Hún var í seinni tíð kölluð Leóshvammur (70); var uppáhaldsáningarástaður Leós Eyjólfssonar í útreiðartúrum og honum mjög kær.

Slægjublettirnir fram með veginum voru kallaðir Nónmýrar (71) fram að Hvítabala (72), en það heitir hryggurinn upp af Litlafossi (73). Nú er þetta að mestu ræktað land. Þá tóku við slægjublettir með mógröfum, sem hétu Lækir (74). Nú er það fremsta túnið í dalnum.

Framan í horni Hnífafjalls eru tveir klettabjallar, þeir heita Lægstu-Hnífar (75) og Mið-Hnífar (76). Fram Dagverðardal, í framhaldi af Mið-Hnífum, er klettabjalli; hann heitir Hærribelti (77). Annar hjalli aflíðandi liggar frá Lægstu-Hnífum og fram að Lækjarhvolfi (78), kallast Lægribelti (79). Eftir þeim og niður á Ása lá fyrrum heybandsgata, nefnd Beltagata (80), úr Leynilágum, Lægri- (81) og Hærri- (82). Þær eru grasi gróin hvolf uppi á Hnífafjallinu upp af Lækjarhvolfi.

Annar lækurinn byrjar í Hærri-Leynilág. Það er allmikil brekka upp í hana úr Lægri-Leynilág. Í þeim báðum voru slægjulönd og móskurður í þeirri neðri. Neðan til við hana, fram Leynilágarbrúnina fram fyrir Leiti, er hestagata. Pangad var mó og heyi (svo) reitt á hestum á þjóðveginn, eftir að hestakerrur komu, og þaðan ekið heim. Rétt neðan við Leitið er stærsti fossinn í Úlfsá, sem heitir Stórifoss (83). Hægt var að ganga bak við hann þurrum fótum. Fyrir ofan hestagötuna upp af Leitinu eru tvö klettabörð. Uppi á þeim er sléttur hjalli, þau heita Neðrakast (84) og Efrakast (85). Öll Hnífafjallsbrúnin fyrir framan Leiti og fram að Breiðadalsheiðarvatni hét Köst (86) eða Köstin, eins og hún var oftast kölluð.

Milli Leitis og **Austmannafalla** (87) bar ekki annað nafn, fyrir en kom að **Austmannafallabrekku** (88), en svo heitir brekkan neðan við þau, og byrja þau á brún hennar og ná fram að ánni, sem kemur úr Breiðadalsheiðarvatni. Á þeim eru mikil slægjulönd og mótag. Var þeim því skipt í tvennt á milli Tungubænda, **Heimri-** (89) og **Fremri-Austmannaföll** (90).

Fyrir ofan heimstu mógrafirnar er grasi gróið hvolf inn í Köstin; það heitir **Austmannafallahvolf** (91). Ef farið er upp úr hvolfinu og yfir Köstin, er komið í **Heimri-Pveráardali** (92); þar voru slægjulönd. Fremst í þeim Dagverðardalsmegin er **Litlavatn** (93), og rétt innan við það Tungudalsmegin er klettabarð, sem heitir **Pröskuldur** (94), og fyrir framan hann eru **Fremri-Pveráardalir** (95). Í þeim er **Mjóavatn** (96), og á **Pverá** (97) þar upptök sín, en hún rennur niður í Tungudal. Fyrir framan þá að Pverfjalli er allt landið kallað **Hraunið** (98).

Ef farið er úr Fremri-Pveráardölum lengra yfir, þá er komið að grasi grónu hvolfi, sem nefnist **Ártunguhvolf** (99). Í því er smátjörn og lækur, sem rennur niður í **Ártungur** (100) og í Tunguá. Vestan við lækinn er grasi gróinn hjalli, sem hét **Ártunguhjalli** (101). Þetta voru talin slægjulönd. Niður í Ártungur renna margir lækir en smáir, þar eru og slægjulönd.

Fari maður úr Ártungum heim Hnífafjall Tungudalsmegin, kemur **Pveráarhvolf** (102) norðan undir svokölluðu **Stórahöggi** (103). Þar eru talsverð slægjulönd. Fyrir neðan það er hvolfmyndaður hjalli, sem heitir **Neðra-Pveráarhvolf** (104), þar var talið slægjuland. Í brúninni fyrir ofan það vestanvert er klettabelti, það heitir **Minnahögg** (105). Pverá rennur gegnum bæði hvolfin og niður í Tunguá, en fyrir framan Pverá að Ártungum heitir **Tagl** (106). Þar eru slægjur. Heimst í Taglinu er stærsti fossinn í Tunguá, sem heitir **Tungufoss** (107).

Klettabrúnin fyrir heiman Pveráarhvolf heitir **Kólseyrarbrún** (108), en það nafn mun dregið af brokstararmýri upp af henni, og byrjar þar slægjuland, sem heita **Blettir** (109). Það nær heim að **Hæstu-Hnífum** (110). Heimst í Blettum var mótag og eru þar gamlar mógrafir. Fyrir neðan þær og niður af brúninni, sem þar er kölluð

Blettabrún (111), er heybandsgata og þaðan út á Lægstu-Hnífa og niður Beltagötu.

Hæðin fyrir ofan Bletti, frá Þverá og heim úr, heitir **Blettahögg** (112).

Hjallinn og upp að klettum, sem nær frá Lægstu-Hnífum og fram að svokallaðri **Stóruskriðu** (113), heitir **Girðingar** (114), en framan við hana að Þverá heitir **Þverhlíð** (115), og heiman hennar að svokölluðum **Kúhól** (116) heita **Skriður** (117). Mýrarnar framan við Kúhól, meðfram ánni, heita **Kúhólmýrar** (118). Allt frá Þverá og heim úr meðfram ánni var talið slægjuland, þó sundurslitið væri. Við ána, fyrir heiman og neðan Kúhól, er grasi gróin eyri, sem nefnist **Kúhólseyri** (119). Hún var í nokkur sumur leikvöllur sumarbústaðaæskunnar í Tungudal. Heimstar útheysengja voru svonefndar **Eyrar** (120), fyrir framan og neðan túnið með ánni. Þeim var skipt í tvennt, **Heimrieyrar** (121) og **Fremrieyrar** (122), eru nú tún.

Pá skal byrja á örnefnum norðan Tunguár, og skal þá fyrstan nefna **Hvíldarklett** (123), sem er við Búrfellsrætur á hápunktí **Botnsheiðar** (124), síðan austan til við hann Botnsheiðarvatn, sem Tunguá kemur úr. Fyrir heiman það er stórt hvolf með grasgeirum og var talið slægjuland, það heitir **Búrfellsmóar** (125). Hnífafjallsmegin við það og ofan við myndar áin vatn í laut, áður en hún rennur niður þá og heim af brúninni niður í Ártungur.

Ef haldið er út brúnir, kemur **Miðfallsfótur** (126) og í framhaldi og upp af honum **Miðfell** (127) með kletta í norðurrönd og strengbergi. Efsti hluti þess, **Miðfellsháls** (128), nær að Kistufelli. Við Miðfallsfót og neðan við hann voru slægjulönd með því nafni.

Fyrir heiman Miðfallsfót og neðan heitir brúnin **Þverlækjarbrún efri** (129) og hjallinn fyrir neðan **Þverlækjarbrún neðri** (130). Fram af þeim renna tveir lækir í Tunguá rétt hjá Tungufossi. Á Þverlækjarbrúnum voru slægjulönd. Brúnin fyrir heiman, upp af **Valhöll** (131), heitir **Háabréun** (132), upp af henni er Sandfell og fyrir ofan það **Sandfellshraun** (133). Fyrir heiman og neðan Háabréun koma svonefndar **Brúnir** (134). **Hæstabréun** (135), þar sem Harðarskálinn er ofan til við, **Miðbrún** (136) fram af Skíðaskálánum og **Lægstabréun** (137), líttill hjalli efst í Skóginum.

Þá byrja ég við **Tungudalsbotn** (138) fyrir neðan Búrfellsmóa. Brekkan niður með ánni, á móti Ártungum, heitir **Skipabrekka** (139) og **Heystæður** (140) grasflesjurnar þar heim af, heim fyrir **Pverlæki** (141), og er það mikið slægjuland. Því var skipt í tvennt milli bæja, **Fremri-** (142) og **Heimri-Heystæður** (143). Þar fyrir heiman er **Tunguleiti** (144), þar voru slægjur.

Við neðstu fossana í Tunguá eru smáklettagljúfur, voru þau nefnd **Gljúfrin** (145). Heimanvert við þau, skammt frá ánni, eru gamlar seltóttir frá Eyri. Upp af þeim hefur fallið stór skriða úr Háubrún. Hún heitir **Selskriða** (146), og vað var þar [á] ánni, sem hét **Selskriðuvað** (147).

Kallaður var **Skógur** (148) öll hlíðin upp á Lægstubrún, frá Tunguleiti og heim fyrir **Kornustaðaá** (149), en svo nefnist lækur, sem er innan til við kofa geitasmalans. Niður hlíðina nokkru innar rennur Buná með fallegum fossi, **Bunárfossi** (150), það er að segja, þegar vatn er nóg í henni, en hún þornar að heita má í þurrkum síðsumars. Fjallið fyrir heiman Kornustaðaá heitir Múli og nær í Seljalandsland. Upp af **Kolfinnustöðum** (151), í hlíðinni, er graslendi, talið slægjuland, kallað **Rjóður** (152). Það hafði verið býli á Kolfinnustöðum fyrr á öldum, sá fyrir húsatóftum og túngarði, áður en ræktað var, en lítið hefur það verið, var kallað **Kolfinna** (153).

Mýrin fyrir ofan og heiman kartöflugarðana heitir **Jörp** (154) og var slægjuland. Graslendið fyrir framan hana og fram að Kornustaðaá hét **Skógarengi** (155) og talið grasgefið slægjuland. Því var skipt í tvennt milli bæja, **Fremra-** (156) og **Heimra-Skógarengi** (157). Fyrir innan, þar sem sumarbústaður Jónasar Tómassonar er og fleiri, var smáslægjublettur, nefndur **Kollublettur** (158). Holtin á báða vegu við Buná heita **Bunáarholt heimra** (159) og **fremra** (160).

Þá skal byrja við **Seltóttir** (161), eða á fremsta túninu. Það hét **Selpartur** (162), og náði hann heim fyrir **Skógarhúsið** (163) (bankasumarbústaðinn), og var hann slægjuland eins og allir eftirtaldir partar. Þá var það **Bunárpartur fremri** (164), náði heim að Buná. **Bunárstekkur** (165) hét tóttarbrot framan til við ána. **Bunárpartur heimri** (166) hét slægjan að Kornustaðaá, **Kornustaðastekkur** (167) hét nýlegt

tóttarbrot í **Kornustaðatúninu** (168) forna, en það sást fyrir túngarði og húsatóttum, þar sem nú er **Simsongarður** (169). Niður af honum var mýrarengi, það hét **Rípur** (170).

Fyrir heiman komu **Mógrafapartar fremri** (171) og **heimri** (172). Voru það mjóir renningar frá holtum og niður að á, og var þar aðalmótak Tungubænda. Í heimri partinum er malarhóll niður undir ánni, sem heitir **Orrustuhóll** (173). Um hann segir þjóðsaga, að þar hafi systurnar Korna og Kolfinna barizt út af landamerkjum, unz þær sukku í jörð niður.

Fyrir heiman að landi **Bræðratungu** (174) hét **Stóripurtur** (175), og var honum skipt [í] miðju, **Fremri-** (176) og **Heimri-** (177). Landið fyrir ofan og heiman Stórapart var kallað **Holtin** (178) allt að merkjum, og læt ég lokið þessari örnefnaskrá.

Það finnst mörgum heimskulegt, hvað samliggjandi engi er skipt í marga smáparta, en ef við íhugum það betur, liggja til þess ýmsar ástæður, svo sem misgóðar flutningaleiðir, grasgefni og grastegundir og fleira. Ég tel nú upp þær helztu með nöfnum, sem notuð voru í Tungu:

Á þurrandi töðugras og reyrgras, sem þóttu gott fóður, og finnungur, sem talinn var léttmeti. En á votlendi gulstör og brokstör, sem voru kúagæft fóður og rauðkem[b]ingur og hrossastör, lélegt fóður, og elfting, sem þótti eitur fyrir kýr, og svo fífan, það fyrrum nauðsynlega gras.

Engjunum í Tungu hefur tvisvar verið skipt upp á þessari öld, upp úr 1904, þegar hún varð tvíbýli, og er upptalningin hér að framan miðuð við þau skipti. Þegar skiptin fóru fram, var jafnað saman tveim pörtum af óvilhöllum mönnum, þannig að það væru sem jöfnust skipti og merkin, sem oft voru lausir steinar, færð til, ef þurfa þótti. Síðan skrifaði skiptaráðandi nöfn þeirra sitt á hvern miða og hélt síðan á sínum í hvorti hendi og lét svo bændurna velja hendi til skiptis. Ekki mun í þetta sinn hafa orðið breyting á partatölu.

Önnur skipti fóru fram 1927. Þá hóf Ísafjarðarbær búskap á Seljalandi og hálfri Tungu og ræktun ári síðar. Var þá nauðsynlegt að stækka partana og búa til heillegri einingar, og gilda þau skipti enn. Þessi skipti voru framkvæmd af bústjóra bæjarins, Jens Hólmgeirssyni, og Halldóri Jónssyni, bónda í Tungu, og síðan samþykkt af hlut[að]eigandi aðilum.

Stafrófsskrá örnefna.

- Álagatjörn 25
 Árdalur 67
 Ártunguhjalli 101
 Ártunguhvolf 99
 Ártungur 100
 Ásakverk 63
 Ásar 62
 Austmannafallabrekka 88
 Austmannafallahvolf 91
 Austmannaföll 87
 Austmannaföll, Fremri- 90
 Austmannaföll, Heimri- 89
 Beineyri 41
 Beltagata 80
 Blettabrún 111
 Blettahögg 112
 Blettir 109
 Ból 52
 Bólholt 50
 Bólhryggur 53
 Botnsheiðarskarð 15
 Botnsheiðarvatn 2
 Botnsheiði 124
 Breiðadalsheiðarvatn 5
 Breiðadalsheiði 17
 Brúnir 134
 Bræðratunga 174
 Buná 8
 Bunárholt fremra 160
 Bunárholt heimra 159
 Bunárfoss 150
 Bunárpartur fremri 164
 Bunárpartur heimri 166
 Bunárstekkur 165
 Búrfell 14
 Búrfellsmóar 124
 Dagverðardalur 6
 Dægradvöl 37
 Efrakast 85
 Efrihús 30
 Eyrar 120
 Fagrihvammur 49
 Flöt 20
 Fremrahús 31
 Fremrahúshryggur 32
 Fremra-Skógarengi 156
 Fremri-Austmannaföll 90
 Fremrieyrar 122
 Fremri-Heystæður 142
 Fremri-Stóripartur 176
 Fremri-Þveráardalir 95
 Girðingar 114
 Gljúfrin 145
 Grettistakaholt 56
 Grettistök 55
 Grjótholt 57
 Gyltuskarð 13
 Háabréttir 132
 Háaholt 54
 Háibakki 47
 Heimra-Skógarengi 157
 Heiðarhorn 18
 Heimri-Austmannaföll 89
 Heimrieyrar 121
 Heimri-Heystæður 143
 Heimri-Stóripartur 177
 Heimri-Þveráardalir 92
 Hesthústjörn 36
 Hesthústún 35
 Heystæður 140

- Heystæður, Fremri- 142
 Heystæður, Heimri- 143
 Hnífafjall 60
 Hnífaholt 59
 Hnífar, Hæstu- 110
 Hnífar, Lægstu- 75
 Hnífar, Mið- 76
 Holisteinn 65
 Holt(in) 178
 Holtasund 51
 Hraun(ið) 98
 Húshóll 21
 Hvammur 22
 Hvíldarklettur 123
 Hvítibali 72
 Hærribelti 77
 Hærri-Leynilág 82
 Hæstabrún 135
 Hæstu-Hnífar 110
 Jörp 154
 Kálgarðshóll 23
 Kinn 64
 Kistufell 12
 Kjóamýri 26
 Klappir 68
 Kólfeyrarbrún 108
 Kolfinna 153
 Kolfinnustaðir 151
 Kollublettur 158
 Kornustáðaá 149
 Kornustáðastekkur 167
 Kornustáðatún 168
 Kúhóll 116
 Kúhólseyri 119
 Kúhólsmýrar 118
 Köst 86
 Lágibakki 46
 Langhóll efri 27
 Langhóll neðri 28
 Leóshvammur 70
 Leynilág, Hærri- 82
 Leynilág, Lægri- 81
 Litlavatn 93
 Litlifoss 73
 Lægribelti 79
 Lægri-Leynilág 81
 Lægstabréð 137
 Lægstu-Hnífar 75
 Lækir 74
 Lækjarhvolf 78
 Lögréttu 43
 Miðbrún 136
 Miðfell 127
 Miðfellsfótur 126
 Miðfellsháls 128
 Mið-Hnífar 76
 Minnahögg 105
 Mjóavatn 96
 Mógrafapartar fremri 171
 Mógrafapartar heimri 172
 Múli(nn) 7
 Neðrakast 84
 Neðra-Pverárhvolf 104
 Neðrihús 29
 Nónmýrar 71
 Nónmýrarbrekka 69
 Orrustuhóll 173
 Ós(inn) 42
 Rípur 170
 Rjóður 152
 Sandfell 9
 Sandfellshraun 133
 Selpartur 162
 Selskriða 146

- Selskriðuvað 147
- Seltóttir 161
- Simsonsgarður 169
- Sjónarholt 61
- Skeiði 45
- Skeiðisþúfa 48
- Skipabrekka 139
- Skógarengi 155
- Skógarengi, Fremra- 156
- Skógarengi, Heimra- 157
- Skógarhús 163
- Skógur 148
- Skriður 117
- Stóraholt 58
- Stórahögg 103
- Stóraskriða 113
- Stórifoss 83
- Stóripartur 175
- Stóripartur, Fremri- 176
- Stóripartur, Heimri- 177
- Stóristeinn 66
- Tagl 106
- Tjarnarhóll 24
- Tjörnin 38
- Tunguá 1
- Tungudalsbotn 138
- Tungudalur 3
- Tungufjara 44
- Tungufoss 107
- Tunguleiti 144
- Úlfssá 4
- Valhöll 131
- Veita 40
- Ytrahús 33
- Ytrahúshryggur 34
- Pinghóll 19
- Pjófaskarð 10
- Pjófatindar 11
- Pórðarhús 39
- Pröskuldur 94
- Pverá 97
- Pveráardalir, Fremri- 95
- Pveráardalir, Heimri- 92
- Pveráarhvolf 102
- Pveráarhvolf, Neðra- 104
- Pverfjall 16
- Pverhlíð 115
- Pverlækir 141
- Pverlækjarbrún efri 129
- Pverlækjarbrún neðri 130